



strætó.is

Hafnarfjarðarbær
Ráðhúsi Hafnarfjarðar
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík 22. október 2014

Beiðni um kynningu fyrir bæjarráð vegna skýrslu Mannvits

Strætó bs. óskar hér með eftir að fá að koma sem fyrst á fund bæjarráðs til að kynna meðfylgjandi skýrslu Mannvits sem unnin var fyrir hönd Strætó bs á síðastliðnu ári. Óskað er eftir að skýrslan verði tekin til umfjöllunar og umsagnar. Æskilegt er að slík umsögn berist Strætó bs. fyrir mánaðarmót febrúar/mars 2015.

Skýrslan sýnir að hægt sé að spara að lágmarki um 200 milljónir á ári í rekstri Strætó bs. með Flex þjónustu. Fjármuni sem sparast er hægt að nýta til að bæta þjónustu í leiðakerfis strætisvagna á annatíma. Sem dæmi má nefna að fyrir þessar 200 milljónir er hægt að setja um átta strætisvagna í rekstur á annatíma alla fimm virka daga vikunnar sem er sú þörf sem mikilvægast er að mæta.

Þetta styður við þá hugsun sem lögð var til grundvallar í samningi ríkis og SSH um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. til að hægt sé að mæta þörf á annatímum þarf að færa þjónustu frá kvöldi og helgum yfir á annatíma. Til þess að það sé hægt án þess að skerða þjónustuna er nauðsynlegt að finna önnur þjónustuúrræði á kvöldin og um helgar.

Frá og með næstu áramótum verður skipulag og umsjón akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu að Kópavogi undanskyldum alfarið í höndum Strætó bs. en allur akstur hjá verktökum. Samfara því eru kröfur á bíla sem sinna akstursþjónustunni þannig að augljóst er að bílakostur þeirra verður endurnýjaður. Því liggur fyrir að þar eru nýir og nýlegir bílar sem standa ónotaðir um kvöld og helgar á sama tíma og stórir gúlir strætisvagnar með afkastagetu sem er margföld á við eftirspurn eru í akstri. Samningar við verktakana eru þannig úr garði gerðir að ekkert er því til fyrirstöðu að nýta bílakostinn betur í samræmi við niðurstöðu skýrslunnar.

Smári Ólafsson
Sviðsstjóri akstursþjónustu

Einar Kristjánsson
Sviðsstjóri skipulags- og þróunarsviðs